

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 4. ágúst 2023 klukkan 19:12

Titill

Framtíð sveitanna.

Höfundur

Pétur Tyrfingur Oddsson (1912-1956)

Tímarit

Breiðfirðingur
5. árgangur 1946
1. tölublað
Bls. 45-56

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/991005818089706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við rétthafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi rétthafa.

FRAMTÍÐ SVEITANNA

Eftir sr. Pétur J. Oddsson, prófast í Hvammi

Grein þessi er í aðalatriðum vígsluræða, flutt síðastl. sumar við brúarvigslu á Kjarlaksstaðaá á Fellsströnd. — Ritstj.

„Elfar kvislar gleðja Guðs borg,
heilagan bústað hins hæsta.“ (Dav. 46. 5.).

I.

Þessi orð heilagrar ritningar eru skráð í sálmi Davíðs, hinum 46. í 5. versí.

Í dag rætast þessi aldagömlu orð hér á þessum fagra stað. Elfarkvislar gleðja guðs borg. Þá Guðs borg, er Einar Benediktsson, þjóðskáldið góðkunna, segir um: Musteri guðs eru hjörtun, sem trúá.

Í dag slær elfarkvislin á strengi gleðinnar í hjartans borg hvers einasta manns, sem byggir þessa sýslu, og þá fyrst og fremst þeirra, sem gjörst þekkja af eigin reynslu, hvílikur sigur er unninn, þegar þessi stríða elfarkvísli, í stórleik ógna sinna og farartálma, er nú brúuð orðin.

Elfakvislarnar — fannadæturnar — hafa þó eigi alltaf vakið gleðisöng á íslenskum heimilum. Allt til síðustu tíma hafa öfl hinna beljandi fljóta valdið óheillum í lífi þjóðarinnar. Í raunasögu þjóðar vorrar hafa árnar skráð sína þætti, samhliða vetrarfrostum og skammdegisskuggum. Þær skáru í sundur samgönguleiðirnar, þegar sækja þurfti mannfundi eða björg í bú. Þær óðu yfir tún og engjar og skildu urð eftir, þar sem áður uxu lifgrös.

Oft var aleiga konunnar, sem heima beið með barna-hópinn, fólgin í lífi fátæks bónda, sem í næturmyrkri steig klakadansinn og glimdi helglimu í fangbrögðum við jökuldótturina. En mildi Guðs náðar hefir vakað með þjóð vorri, og hún skinið í næturdimmunni.

Pegar því þessi elfarkvísl — Kjarlaksstaðaa — vekur gleði vora í dag, þá er sú gleði sigurgleði. Þegar vér í dag vígjum þessa brú, sigurmerkið, sem hér hefir verið reist, og gleðjumst yfir því, að nú þurfa ferðamenn eigi lengur að leggja líf sitt að veði sem gjaldmiðil til þess að komst yfir á þessa í hamskiptum, þá lyftum vér hugum vorum til himna og þökkum Guðs forsjón fyrir þá varðveizlu, sem hann hefur látið vaka við hlið þeirra ferðamanna, sem fyrr og síðar hafa þurft að tefla á tvisýn fangbrögð við þessa jökuldóttur.

II.

Nýbyggð brú er meira en steinsteypa, timbur, járn, vinnustundir og tímakaup. Nýbyggð brú er hugsjón, sem hefur rætt. Hugsjónin er guðmóðir framsækins þjóðlífs. Nýbyggð brú er táknmynd þess.

Með þessa táknmynd framsækins þjóðlífs fyrir augum, skal ég reyna að túlka hugsjón brúarinnar á þessum fagra stað.

Árið 1946, þegar þessi brú við Kjarlaksstaðaa er byggð, eru íbúar Dalasýslu 1360 talsins. Árið 1914 byggðu þessar sömu sveitir 2086 manns. Árið 1880 var íbúatalan 2357 manns.

Lætur nærri að álykta af þessum tölum, að nær því einn af hverjum tveim íbúum sýslunnar hafi flutt búferlum héðan á síðastliðnum 66 árum.

Þessar tölur sýna þó ekki allan sannleikann. Nú mun láta nærri, að landsmenn séu 130 þúsundir manna, í stað 72.444 árið 1880. Hefði samsvarandi fjölgun átt sér stað í sýslunni, sem með þjóðinni í heild, hefði íbúatala sýslunnar nú átt að vera um 4200 manns, í stað 1360.

Þá er og athyglisvert, að á síðastliðnum 10 árum hafa fæðst 32 börn í Fellsstrandar- og Klofningshreppum, en 28 manns verið bornir til grafar á sama tíma. Möguleikarnir, sem þessir hreppar hefðu haft til fólksfjölgun-

ar af eigin rammleik, þó engir hefðu flutt í burtu, væru því þeir, að bæta við sig 4 íbúum á 10 árum.

Þessi tala er a.m.k. fimm sinnum lægri en eðlilegt er, sé miðað við þau hlutföll, sem almennt ríkja á milli fæddra og dáiinna manna á voru landi, á sama árabili.

Þessi óeðlilega litli og staðbundi mismunur á tölu fæddra og dáiinna, hefir sína sögu að segja. Eigi er hægt að skýra hann á annan nærtækari hátt, en að hann orsakist af því, að þeir, sem burtu fluttu, voru æskumennirnir með stæltu vöðvana og stórhuga draumana. Eftir sátu foreldrarnir með vinnulúnu hendurnar og bognu bökin.

Á þann eina hátt gátu kaupstaðir risið upp með jafnmiklum hraða og átt hefir sér stað með vorri þjóð, að sveitirnar gáfu kaupstöðunum æsku sína, eftir að hafa fórnað kröftum sínum til að lyfta henni upp á meið mannlífsblómans.

Skatta, sem greiddir eru í peningum, má telja í tölum, en gjafir, sem gefnar eru í mannslífum á bezta skeiði, verða aldrei metnar í tölum. Skuld kaupstaða til sveita verður því seint metin, og því síður goldin, svo ekki sé tekið dýpra í árinni.

Eg spyr: Er ekki sú sveit, sem gefur kaupstöðum æskublóma sinn, að kalla yfir sig þær líksöngsræður, sem mörg dagblöð eru þegar búin að flytja fyrirfram yfir sveitum á grafarbarminum?

Nú byggja þessa sýslu 1360 manns. Eftir því sem fleiri fluttu burt, urðu byrðarnar þyngri á bökum þeirra, sem eftir urðu, og færri hendur til að ryðja steinum úr veginum til bjartari framtíðar.

Ég leyfi mér að draga hér upp fjórar myndir úr daglegu lífi sýslubúa, sem bregða sínu ljósi yfir aðstæður þeirra, sem eftir sitja í sveitum:

I. Húsmóður eina hafði hent slíkt, að veikjast og liggja rúmföst með um og yfir 38° hita í vikutíma, er mig bar að garði í húsvitjunarferð. Á hverjum morgni



Laugar í Sælingsdal.

og hverju kvöldi klæddi hún sig upp úr rúminu til að mjólka kýrnar. Hjálp til slíkra verka var óhugsandi, hvað sem í boði hefði verið.

II. Ungur maður fastnar sér mey. Af sérstökum ástæðum er ákveðið, að brúðkaup þeirra fari fram utan sveitar. Brúðkaupinu varð að fresta í þrjá mánuði, vegna þess, að eigi var unnt að fá vinnukraft til að hlaupa í skarðið, meðan þau væru fjarverandi.

III. Bóndi nokkur getur ekki fengið aðstoð heima fyrir meðan hann skreppur að heiman á jarðarfarar-

stað 3 klst. ferð í burtu, til að fylgja látnum návini sínum til grafar.

IV. Á skömmu tíma hafa tveir héraðslæknar flutt úr héraðinu. Nægilegar ástæður fyrir brottför þeirra gætu verið þær, að hvorugum þeirra tókst að fá viðunandi húshjálp.

Þegar aðstæður manna, sem byggja sveitirnar, eru orðnar þessu áþekkar, er fyllilega kominn tími til að gera sér það ljóst, að líkur benda allar í þá átt, að flóttinn úr sveitunum eigi enn eftir að aukast hröðum skrefum, svo fremi sem eigi verður hafin markvís barátta allra Dalamanna, innan héraðs sem utan, til að sporna við flóttanum.

Lögmál byggðarsögu er líkt steinbyggingu: Falli einn steinninn í burtu, er byggingunni allri hættara við falli.

Það er oss öllum hollt, sem enn byggjum hinar gróðursælu og söguríku byggðir þessa héraðs, að horfast í augu við staðreyndirnar, hversu andstæðar sem þær kynnu að vera óskum vorum og framtíðardraumum.

Á þeim lærum vér að þekkja hvert stefnir í byggðarsögu þessa héraðs, einmitt á þeim tíma, þegar fara á að gefa út sögu þess á prenti og í gylltu skrautbandi.

III.

Eigum vér þá ekki að leggja niður laupana?

Er ekki nóg komið, að mæðiveiki hafi drepíð niður fé bænda, þótt armæða sveitalífsins leggist ekki líka á mannfólkið?

Þannig spyrja margir sjálfa sig. Þeim er vorkunn.

En er ekki allt landið vort fjallaland — brattans land og öll vor saga baráttusaga við brattann, sem ýmist hræðir til flótta og undanhalds, eða eggjar til uppgöngu og baráttu, eftir lífsorku og lyndiseinkunn þeirra, sem landið byggja á hverjum tíma?

Mæðiveiki er engin nýjung í lífsreynslu þeirrar þjóð-

ar, sem lifað hefur Svartadauða og Móðuharðindi. Ekki heldur sú armæðuveiki, sem leggst á mannfólkið og mergsýgur þor og þrótt og trúna á eigin getu til að skapa sér biarta framtíð.

Fyrir og um aldamótin 1800 var sú hugsun við lýði, að líklega væri þá réttasta úrræðið út úr öllu baslinu, að flytja búferlum þessa fátæku þjóð úr þessu afskekktu landi erfiðleikanna, suður til Edensælunnar á Jótlandsheiðum.

Nær hundrað árum síðar yfirgáfu þúsundir manna sveitir þessa lands og fóru af landi burt, sannfærðir um það, að þetta land risi aldrei upp úr allsleysi sínu. Landið ætti því að afhendast jökulauðnum, selum og bjarndýrum til yfirráða.

Fimmtíu ár líða enn, og enn er Íslandssagan söm við sig. Selirnir eru nú helztu lífverur á nokkrum stöðvum fornrar frægðar við Breiðafjörð.

Kvæði Eggerts Ólafssonar gæti verið ort í gær:

„Nú vill enginn eiga þig,
ættarjörðin góða.“

Eggert hafði hjartað á réttum stað, þótt hann tæki hér of djúpt í árinni. Sumir vildu eiga ættarjörðina góðu, þrátt fyrir allt.

Svo er enn í dag.

Þess vegna byggjum vér brú.

Hugsjón brúarinnar er að flýja ekki erfiðleikana, heldur rísa upp og ríkja ofar þeim, — byggja landið.

Það er sú hugsjón, sem vakir í lofti við þessa brúarvígslu. Einmitt með fólksfækkun úr sveitum sýslunnar fyrir augum, verður oss þessi brúarvígsla kærkomnari og fyrirheitaríkari stund.

Það er eins og steinarnir í brúarstöplunum hafi fengið málið og kalli til vor allra: „Sveitirnar eiga ekki að fara í eyði!“

Vér, sem byggjum þær, eigum að snerta þær með

töfrasprotum mannvits og tækni, fara um þær eldi hugsjóna. Það hvílir sérstök köllun á oss, sem ráðum því með afstöðu vorri og störfum, hvort þessar sögurikustu byggðir landsins verða afhentar safni óbyggðanna af oss á tímum meiri tæknilegra möguleika, en áður hafa þekkzt í sögu þjóðarinnar.

Dæmi þau, sem ég nefndi, úr þjóðarsögunni, tala sínu máli til vor. Vér hljótum að skipa oss í röð þeirra Íslendinga, sem fyrr og síðar kusu þann kostinn á tímum erfiðleikanna, að treysta áfram á ættbyggð sína og áttu baráttuþor og dirfsku til að leggja eigin líf og barna sinna á vogarskál þeirrar lifstrúar, að takast mætti með árvakri athafnasemi að skapa blómleg framtíðarskilyrði hér á voru landi.

Hingað til hefir Guð vorsins gefið vormönnum þjóðarinnar sigurinn.

Vér getum örugglega lært það af vorri sögu, að sé oss hætt við falli sakir fátæktar, býr sú fátækt annarsstaðar en í íslenzkri gróðurmold.

V.

Hugsjón brúarinnar er að byggja landið. Þótt mikið hafi áunnizt á síðastliðnum mannsaldri í því að byggja landið, standa margir bændur þó í sporum landnemans gagnvart kröfum nýrrar tækni og aðstæðna.

Verkefnin, sem leysa þarf af hendi, eru þessi m. a.:

1. að slétta túnin;
2. að auka nýrækt, m. a. með framræslu lands og ávinnslu;
3. að girða landið (tún og hagagirðingar);
4. að koma upp heilbrigðum fjárstofni og stórfelldri aukningu bústofnsins í heild;
5. að byggja vönduð íbúðarhús;
6. að byggja gripahús og geymslur;
7. að kaupa allskonar landbúnaðarvélar til heimilisnotkunar og afla sér þekkingar á meðferð þeirra;

8. að bæta samgöngur innan héraðs, með vegagerð og brúarsmiðum;
9. að leggja síma á alla bæi;
10. að rafhlysa heimilin með vatnsorku og afla nauðsynlegra rafknúinna vinnuvéla, bæði í heimahúsum og gripahúsum.

Þetta eru hin 10 boðorð verkefnanna, sem rækja þarf í sveitum, þar sem framtíðin á að miklast af þeirri lífshugsjón, að taka vefstól móanna sér í hönd og vefa þar nokkra græna þræði, til að auka á vorskart hinnar nýfrjálsu ættjarðar.

En þó er hér eigi allt upptalið. Samfara þessu þarf að endurskapa viðskiptaskilyrði sýslunnar m. a. með því að byggja upp verzlunarhús í Búðardal, koma þar upp frystihúsi, rjóma- og smjörbúi, svo og vélaverkstæði.

Loks eiga félagsmálin sín óleystu verkefni. Vér þurfum ýmist að endurbæta eða byggja að nýju kirkjur og skólahús og eignast félagsheimili, sem geti fullnægt heilbrigðri gleðipörf ungra sem gamalla, á það fullkominn hátt, að æska sveitanna sitji eigi skör lægra við borð heilbrigðrar gleði en kaupstaðaæskan.

Þá þurfum vér að endurheimta að nokkru leyti hin horfnu skrudklæði lands vors, skógarskrúðann. Í kirkjugörðum vorum, snyrtilega girtum og skipulögðum, eiga síung trén að rísa sem táknmynd sívakandi elskurikra minninga vorra um látna ástvini. Heima fyrir í skrudgarðinum eiga tiguleg trén, að laða hugi hinnar ungu æsku til fegurðar Flóru og fuglasöngs og leiða hana í helgisal *hinnar* þöglu gleði, sem tiguleiki bjartrar náttúru býr yfir með endurleysandi mætti.

VI.

Líklega munu Tómasarnir vera til enn þann dag í dag, og þá einnig þegar möguleikar framtíðarinnar eru á dagskrá.

Sumir munu telja, að framkvæmdir þær, sem hér

er drepíð á, sé ekki unnt að framkvæma, nema á mannsöldrum. Þeir hafa rétt fyrir sér að því leyti, að vér þurfum ekki að óttast, að öll verkefni séu úti, þótt oss takist að leysa þau verkefni, sem hér hefir verið drepíð á.

Ef vér lesum Íslandssögu, komumst vér að raun um, að á tveimur síðastliðnum mannsöldrum hefur vorað í lífi þjóðarinnar frá heild séð með snöggvara hætti, en vonir hinna bjartsýnustu stóðu til.

Þjóðin hefir kastað af sér hinum álagakennda betliham allslausrar og kúgaðrar þjóðar. Hún hefur gengið leiðina frá skóbótum til fjórréttaðra máltíða, frá hriplekum og dimmum moldarkofum til steinhalla, frá vosi fjögramannafarsins til eimskipsins, frá fullkomnu getuleysi til mikilla möguleika í verzlunar-, atvinnu-, heilbrigðis- og menningarmálum.


Þetta hefur skeð með þeim hraða, að vér, sem opnuðum augun til þessa lífs á fyrsta og öðrum áratug þessarar aldar, hlustum nú á frásagnir um líf skjör og aðstæður frá æsku pabba og mömmu eins og furðusögur úr álfheimum.

En nú erum vér reyndar engin álfabörn, heldur mennsk, gerð af holdi og blóði, og Íslandssagan síðustu öldina ekki æfintýrasögn, heldur dásamleg lærdómsbók úr heimi staðreyndanna, sem opin stendur öllum þeim, sem kynnast vilja, hvernig æfintýrið gæti haldið áfram að gerast í íslenzku þjóðlífi á ókomnum árum.

Sem dæmi má nefna, að um 1870 stundudu um 8000 Íslendingar fiskiveiðar hér við land. (Margir þeirra þó aðeins nokkurn hluta ársins). Eitt árið var ársaflí þjóðarinnar seldur fyrir 4½ milljónir króna.

Á stríðsárunum seldi einn íslenzkur togari, sem er skipaður 26 manna áhöfn, ársafla sinn fyrir 5½ millj. króna.

Hefði það ekki þótt ótrúlegri spá á sínum tíma, að 26 sjómenn myndu ausa meiri auðæfum úr djúpum hafsins eftir 70 ár en 8000 manns gerðu í þá tíð,



Hjá Ytrafellsmúla.

heldur en sú spá væri, að oss myndi takast að framkvæma hin 10 boðorð verkefnanna á næstu 20 árum, ef vér tækjum í þjónustu vora fullkornustu tækni, sem völ er á, og oss sjálf skorti eigi stórhug, samtakavilja né baráttufúsleik.

Ég spyr.

VII.

Sem stendur horfir ískyggilega í byggðarsögu sýslunnar. Framfarirnar eða hrunið; hvort verður fyrra til? Hallar það mikið undan, að oss takist ekki að rétta við?

Þannig er ástæða til að spyrja.

Gáfaður bóndi í sýslunni lét svo ummælt, að framtíð sýslunnar ylti á því, hvað oss tækist að gera á næstu 4 árum. Það er ekki sagt alveg út í bláinn. Framfarirnar verða að vera fljótvirkari en hrunið og gerast með meiri hraða en hingað til. Vér höfum ekki efni á biðna 30 ár eftir næstu brú svipaðri þessari.

Vér höfum jafnvel ekki efni á, í mörgum tilfellum, að biða eftir því, að ríkisvaldið geri hlutina. Í sumum tilfellum er biðin dýrari en framkvæmdin.

Lúður átaka og athafna, lúður hins nýja framtíðardags, þarf að hljóma og kalla alla til ítrustu, samstilltra átaka.

Hingað til hefur baráttan fyrir aukinni ræktun einvörðungu hvílt á herðum einstakra bænda eða búnaðarfélaga. Vér þurfum að fá fleiri í baráttuhópinn, sveitaæskuna og þá Dalamenn, sem fluttir eru til kaupstaðanna.

Eðlilegt er, að ræktunarsambönd bænda hefði forystuna á svipaðan hátt og nú er.

En sú forysta þarf að vera stórhuga og markviss og miða m. a. að því, að útvegaðar verði það margar og fjölbreyttar vinnuvélar til ræktunar og vegagerðar, að þær fullnægi framfaravilja íbúanna. Vantar mikið á að svo sé, nú í bili.

Þá þarf og að finna leiðir til þess að bændum verði fjárhagslegt kleift að hefja stórfellda framfarastarfsemi. Ýmsar leiðir koma til greina, þó eigi verði farið út í þá sálma hér.

Æskan í sveitunum á að hasla sér sinn eigin baráttuvöll við hlið bænda.

Innan ungmennafélaga æskunnar eiga að rísa landnáms sveitir ungra æskumanna. Félagar þeirra skuldbinda sig til að gefa eitt dagsverk eða fleiri á ári hverju, til þegnskaparvinnu, sem beint yrði í hvert skipti að ákveðnu verkefni. Leitað yrði um þátttöku þeirra Dalamanna, sem burtfluttir væru úr sýslunni, en gjarnan vildu leggja sinn skerf til að hjálpa byggðinni til að rétta við. Þeir greiddu dagsverk sín í peningum og sendu heim. Þær greiðslur yrðu uppistaðan í landnáms-sjóði sýslunnar, sem jafnframt yrði starfsfé landnáms-sveita ungmennafélaganna.

Verkefnin, sem til greina gætu komið, eru hin marg-

víslegustu, að því ógleymdu, að vinna að undirbúningi nýbýla í sambandi við hlutaðeigandi aðila, til þess að það komi ekki lengur fyrir, að nokkur æskumaður, sem vill búa í sveit, þurfi að flýja þaðan vegna skorts á hentugu jarðnæði.

En hver svo sem verkefnin yrðu, yrði það mest um vert, að æskan ljái fram sína örvandi hönd. Með því að gera æskuna að ábyrgum aðila í endurreisnarstarfinu, beinum vér áhuga hennar að framtíðarverkefnum sveitanna.

Til þess að svo megi verða, þurfa allir aðilar að stuðla að: heimilin, skólarnir, kirkjan og ungmennafélögin.

Hugsjón brúarinnar er að byggja landið.

Megi sú hugsjón falla í umgjörð hjartans í dag og ljómi hennar heilla þróttinn í brjóstum ungra og gamalla, til samstilltra starfa og baráttu fyrir því, að skapa hér lífsskilyrði, þar sem æskumenn vorir finni svigrúm fyrir stórhuga framtíðardrauma sína, og að hér megi skapast

„gróandi þjóðlíf með þverrandi tár,
sem þroskast á Guðsrikis braut.“

Pétur T. Oddsson.

Staka

*Brátt er hauður hélugrátt
hjúpað vetrarskugga,
og draugalega döpur nótt
drepur fingri á glugga.*

N i g e r.